


Veikindafjarvistir árið 2001 – úrvinnsla úr gögnun KRN

1. Veikindafjarvistir 1985-2001

Kjararannsóknarnefnd (KRN) hefur frá árinu 1983 birt upplýsingar um hlutfall greiddra stunda í veikinda- og slysatilvikum af öllum greiddum stundum. Fyrstu árin voru upplýsingar einungis birtar um verkafólk en eftir það einnig um iðnaðarmenn. Einungis hluti fyrirtækja skráir veikindafjarvistir með kerfisbundnum hætti í launabókhaldi sínu og því eru upplýsingar um veikindafjarvistir einungis byggðar á hluta fyrirtækja í úrtakinu hverju sinni, raunar töluverðum minnihluta eða fjórðungi til þriðjungi fyrirtækjanna. Skráning veikindafjarvista mánaðarkaupsfólks hefur yfirleitt verið mun lakari en tímakaupsfólks og því hefur ekki verið talinn grundvöllur fyrir því að leggja fram trúverðugar niðurstöður fyrir afgreiðslu- og skrifstofufólk og annað mánaðarkaupsfólk.

Niðurstöður sýna að verulega dró úr veikindafjarvistum á síðari hluta níunda áratugarins þegar þær lækkuðu úr rúmum 4,5% árin 1985 og 1986 í tæp 3% árið 1990. Fjarvistirnar hafa síðan verið nokkuð stöðugar á bilinu 3,0-3,5%. Vegna breytinga í gagnavinnslu KRN vantar gögn um fjarvistirnar árin 1996 og 1997 og upplýsingar fyrir árið 2000 vantar einnig.



2. Sérstök úrvinnsla fyrir árið 2001


Hér á eftir fer athugun á grundvelli gagna kjararannsóknarnefndar fyrir árið 2001. Upplýsingarnar eru frá 33 fyrirtækjum og eru þær flokkaðar eftir atvinnugrein fyrirtækis, starfsstétt, stöðu og kyni launamanns og mánuðum ársins. Vegna þess hve skráning á veikindaforföllum stjórnenda, sérfræðinga, tækna og skrifstofufólki er slæg og tilviljanakennd er þessum hópum sleppt í úrvinnslu gagnanna.

3. Veikindafjarvistir í heild

Hlutfall greiddra veikindastunda í heild (þ.e. allar greiddar stundir í veikindum í hlutfalli við allar greiddar vinnustundir) var 3,0% að meðaltali sem svarar til sjö vinnudaga á árinu


4. Samanburður við Noreg

Í Noregi námu veikindafjarvistir í heild 7,1% á árinu 2001 og hækkaði hlutfallið frá árinu áður. Þetta samsvarar hálfri fjórðu viku í veikindum að meðaltali á ári hverju. Meðal verkafólks var hlutfallið 9,1% og skiptist þannig milli kynja að meðal verkakarla var hlutfallið 8,4% og verkakvenna 12,0%. Hjá skrifstofufólki (funktionærer) var hlutfallið 3,7% og skiptist þannig milli kynja að hlutfallið var 3,1% hjá skrifstofukörlum og 5,7% hjá skrifstofukonum. Í Noregi eru veikindafjarvistir líklega hvað hæstar í heiminum og eru þær mikið áhyggjuefni þar í landi. Norðmönnum finnst einkennilegt að veikindafjarvistir séu þrefalt meiri þar í landi en á Íslandi, þrátt fyrir að eftirlaunaaldur sé hærri á Íslandi, atvinnupátttaka meiri og vinnutími lengri. Með samanburði við Ísland vilja Norðmenn vísa á bug þeim skýringum að ástæður mikilla fjarvista liggi í háu atvinnustigi, vinnuálagi, loftslagi, launakerfum eða tæknistigi.




5. Veikindafjarvistir eftir fyrirtækjum

Veikindahlutfallið er mjög mismunandi eftir fyrirtækjum. Í gögnunum skera tvö fyrirtæki sker sig úr hvað lágar fjarvistir varðar og í ljósi þess hve lágar tölurnar eru verður að telja líklegt að ástæðan sé slæleg skráning veikindaforfalla fremur en gott heilsufar. En að þessum tveimur frátöldum eru allmörg fyrirtæki, eða rúmur fimmtungur, með veikindafjarvistir á bilinu 1,5-2%. Þriðjungur fyrirtækjanna eru með fjarvistir á bilinu 2,5-3,5% og annar þriðjungur með fjarvistir á bilinu 3,5-4,5%. Tvö fyrirtæki eru með áberandi mestar fjarvistir, þ.e. 6,4% og 5,6%.




6. Veikindafjarvistir eftir atvinnugreinum

Gögnin voru flokkuð eftir svokölluðum atvinnugreinabálkum en í veikindaúrtaki KRN eru eftirfarandi bálkar: Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður, fiskvinnsla, efnaiðnaður, málmíðnaður, framleiðsla samgöngutækja (skipasmíði), byggingarstarfsemi, sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.; bensínstöðvar, umboðs- og heildverslun með annað en bíla, smásala og loks fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta. Flokkunin eftir leiðir í ljós að veikindafjarvistir eru mestar í byggingarstarfsemi, 4,0%, en fast á hæla hennar koma skipasmíðastöðvar með 3,9%. Þótt vafalaust megi ná þessum hlutföllum niður með ýmsum aðgerðum þá geta þessi hlutföll ekki talist sérstaklega há í þeim greinum sem búa við mestar fjarvistir. Minnstar eru fjarvistirnar í heildverslun, 1,3%. Rétt er að hafa í huga að vera kann að mjög lág hlutföll fjarvista í greinum þar sem mánaðarkaupsfólk er í miklum meirihluta eigi sér rætur í slægri skráningu fjarvista fremur en mikilli heilsuhreysti. Sumum kann að koma á óvart að fjarvistir í fiskvinnslu séu 3,4% sem telja verður nokkuð lágt fyrir þá atvinnugrein, en þessar niðurstöður eru trúverðugar þar sem þær byggja á allmörgum fyrirtækjum sem búa við svipuð fjarvistahlutföll.




7. Veikindafjarvistir eftir starfsstéttum

Í úrtaki KRN er grófasta flokkun starfshópa kölluð starfsstéttir, en þær eru stjórnendur, sérfræðingar, tæknar og sérmenntað starfsfólk, skrifstofufólk, þjónustu-, sölu og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn og verkafólk. Eins og fram hefur komið er skráning veikindaforfalla mjög mismunandi eftir starfsstéttum og launafyrirkomulagi en skráning er fátíðari hjá stjórnendum, sérfræðingum og mánaðarkaupsfólki almennt en hjá öðrum. Þeim hópum er því sleppt og einungis flokkað í þrjár starfsstéttir, þ.e. þjónustu-, sölu og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn og verkafólk. Niðurstöður leiða í ljós að afar lítill munur er á fjarvistum eftir starfsstéttum, þar sem bæði verkafólk og iðnaðarmenn eru með um 3% fjarvistir en þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk rúm 2½%.




7. Veikindafjarvistir eftir kyni

Flokkun eftir kyni leiðir í ljós að veikindafjarvistir meðal karla eru 2,8% en 3,4% meðal kvenna. Þar sem konur taka í meira mæli á sig fjarvistir vegna veikinda barna sinna er fyrirfram búist við því að fjarvistir þeirra séu umtalsvert meiri en karla. Munurinn á kynjunum, 0,6%, eða sem svarar tæpum 1½ degi kemur því nokkuð á óvart.



8. Veikindafjarvistir eftir stöðu

Fjarvistirnar voru flokkaðar eftir því hvort starfsmenn voru yfirmenn eða undirmenn. Sú tegund yfirmanna sem um er að ræða eru flokkstjórar og verkstjórar. Í ljós kemur að töluverður munur er á fjarvistum eftir því hvort um yfirmenn er að ræða eða ekki. Yfirmenn eru með 1,8% veikindafjarvistir en aðrir 3,2%. Þessi niðurstaða bendir til þess að fylgni sé á milli ábyrgðarstarfa og fjarvista, þ.e. að veikindafjarvistir fari minnkandi með vaxandi ábyrgð.



9. Veikindafjarvistir eftir mánuðum

Loks var kannað hvort veikindafjarvistir væru mismunandi eftir mánuðum ársins. Í ljós kemur að fjarvistir eru mestar í mars og desember, 3,7%-3,8%, en minnstar á sumrin, einkum í ágúst þar sem þær komast niður í 2%.

